
Vegur og brú yfir Tungufljót austan Geysis

Fornleifaúttekt innan vegstæðis



SÓLVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR BECK (RITSTJ.)
HÖFUNDAR EFNIS: SÓLVEIG G. BECK, GYLFI HELGASON, KRISTJANA
VILHJÁLMSDÓTTIR OG RAGNHEIDUR GLÓ GYLFADÓTTIR

REYKJAVÍK 2023
FS931-22411

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



*Á forsíðu er mynd af tóft ÁR-361:105 í landi Haukadals.
Horft til suðausturs. Ljósmynd tók Sólveig G. Beck.*

©2023
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BRÆÐRABORGARSTÍGUR 9
101 REYKJAVÍK

SÍMI: (+354) 5511033
NETFANG: fsi@fornleif.is
www.fornleif.is

Efnisyfirlit

Samantekt	4
Summary	4
1. Inngangur	5
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	7
3. Aðferðir við fornleifaskráningu	8
4. Fornleifaskrá	10
4.1. ÁR-360 Brú	11
4.2. ÁR-361 Haukadalur	15
4.3. ÁR-691 Fornleifar á fleiri en einni jörð	19
5. Samantekt um fornleifar innan efnistökusvæða	23
6. Heimildaskrá	27
Viðauki 1. Hnitaskrá ISN93	29
Viðauki 2. Yfirlitskort	30

Samantekt

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður fornleifaúttektar sem gerð var fyrir hönd Vegagerðarinnar í tengslum við nýjan kafla á Biskupstungnabraut 35 yfir Tungufljót suðaustan Geysis. Nýja vegstæðið á að liggja út af brautinni til austurs norðaustan Neðridals (ÁR-366), yfir mikla mýrarfláka, áfram yfir Laugaá, Almenningsá og Tungufljót og þaðan til norðausturs um rofna árbakka aftur upp á veg sunnan bæjar á Brú (ÁR-360). Tekin voru út þrjú möguleg vegstæði (línur 1-3) með áhrifasvæði sem hvert og eitt var um 250 m á breidd og um 8 km á lengd. Um skráningu á vettvangi sáu Sólveig G. Beck og Gylfi Helgason í október 2022. Alls voru skráðir á vettvangi tíu minjastaðir, flestir innan áhrifasvæða veglína 1 (310) og 2 (318). Umfangsmestu minjastaðirnir voru Konungsvegur ÁR-691:004 í landi Neðridals, tvö torf- og grjóthlaðin mannvirki ÁR-361:104 í landi Haukadals á vesturbakka Tungufljóts og rústahóll ÁR-360:027 í heimatúni Brúar. Allar fornleifarnar eru skilgreindar í stórhættu vegna fyrirhugaðrar vegagerðar. Mannvirki ÁR-361:104 eru einnig metin í stórhættu vegna landbrots af völdum Tungufljóts og vindrofs.

Efnisorð: fornleifaskráning, vegagerð, brú, Tungufljót, Haukadalur, Geysir

Summary

This report covers the findings and conclusions of a detailed archaeological field survey of an area considered for road construction southeast of Geysir in Biskupstungur, Southwest Iceland. Three potential roadbeds 1-3 have been suggested from Neðridalur (ÁR-366) farm in the west, continuing over Tungufljót river to the farm at Brú (ÁR-360) in the east. The surveyed areas are each 250 m at its widest and about 8 km long. The survey was carried out in October 2022 by archaeologists Sólveig G. Beck and Gylfi Helgason. Ten archaeological sites were recorded, most in close connection with roadbeds 1 (310) and 2 (318). The most important sites recorded were Konungsvegur road ÁR-691:004 east of Neðridalur, two turf- and stone built ruins ÁR-361:104 on the west bank of Tungufljót that are also threatened with water and wind erosion, and a large mound ÁR-360:027 in the homefield at Brú. All archaeological sites are considered to be in great danger due to road construction plans within the assessed area.

Keywords: detailed archaeological survey, road construction, bridge, Tungufljót, Haukadalur, Geysir

1. Inngangur


Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum fornleifaúttektar sem unnin var fyrir hönd Vegagerðarinnar á áhrifasvæðum fyrirhugaðs veg- og brúarstæðis í Biskupstungum. Um er að ræða nýjan vegkafla á Biskupstungnabraut 35. Settar voru fram þrjár mögulegar veglínur 1-3 sem beygja allar til austurs út af brautinni á sama stað suðaustan við Neðridal (ÁR-366). Liggja þær í hlykkjum til ANA yfir Almanning, Almenningsá og yfir Tungufljót, þar sem þær beygja til norðurs yfir að heimatúni Brúar (ÁR-360). Lína 1 (nr. 310¹) er nyrst, lína 2 (nr. 318) fyrir miðju og lína 3 (nr. 317) er syðst þar sem þær aðskiljast á köflum við Tungufljót. Tengjast þær aftur Biskupstungnabraut 35 á tveimur mismunandi stöðum, annars vegar fast sunnan við Brú (lína 1) og hins vegar fast ASA við Brú, milli Brúar og Hrunamannavegar (línur 2-3; mynd 1). Skráð áhrifasvæði fyrirhugaðs vegstæðis mælist samtals um 8 km á lengd og mest rúmlega 600 m breitt við Tungufljót. Út frá hverri veglínu var tekið út 250 m breitt belti, þ.e. 125 m til beggja átta út frá miðlínu.

Fornleifastofnun Íslands ses hefur þegar látið gera almenna heimildaskráningu á öllum þekktum fornleifum og minjastöðum í Biskupstungum og sá Kristjana Vilhjálmsdóttir um verkið árið 2015.² Nákvæm vettvangsúttekt á áhrifasvæðum vegstæðisins var unnin fyrir hönd Vegagerðarinnar í lok október 2022 af Sólveigu G. Beck og Gylfa Helgasyni, fornleifafræðingum hjá Fornleifastofnun. Sá Sólveig G. Beck einnig um kortagerð og ritun skýrslu.

Uppbygging skráningarskýrslunnar er með hefðbundnum hætti. Í kjölfar inngangs koma kaflar um sögu fornleifaskráningar og aðferðir við slíka skráningu. Á eftir fylgir svo fornleifaskrá með uppmælingum og ljósmyndum af skráðum fornleifum innan áhrifasvæða vegstæðisins. Í kjölfarið fylgir kafli þar sem helstu niðurstöður eru dregnar saman. Aftast í skýrslunni er svo heimildaskrá, hnitaskrá og yfirlitskort 1-5 yfir skráðar minjar innan áhrifasvæða fyrirhugaðs vegstæðis.

¹ Í hönnunargögnum Vegagerðarinnar er lína 1 nr. 310, lína 2 er nr. 318 og lína 3 er nr. 317.

² Skýrsla FS584-15221



Mynd 1: Yfirlitsmynd af hugsanlegum ábrifasvæðum brúar og veglína Vegagerðarinnar (1-3) yfir Tungufljót í Biskupstungum frá Neðridal (ÁR-366) í vestri að Brú (ÁR-360) í austri. Skráðir minjastaðir eru merktir með rauðum punkti. Staðsetning vegstaðis er merkt sem grænn punktur á innfelldu Íslandskorti. Sjá einnig yfirlitskort 1 í viðauka 2. © Fornleifastofnun Íslands. Loftmynd: Loftmyndir ehf. Kortagrunnur: Landmælingar Íslands.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhusa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slíppir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.


Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-360:004). Fornleifaskráin hér að neðan samanstendur af lista yfir allar þær fornleifar og sögulega markverða minjastaði (t.d. herminjar úr seinni heimstyrjöld) sem skráðir voru á vettvangi. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða (mynd 2). Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og þar sem yfirborðsummerki sjást er gerð uppmæling af þeim. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með 50 metra fráviki eða minna.



Skýringar

Minjastaðir

- Hnit

Flákar

- Torf
- Torf og grjót
- Vegur
- Mógröf

Línur

- Árbakki
- - - Grónar hestagötur
- - - Leiðir af herforingjaraðskorti Dana

Biskupstungnavegur (35)

- Veglínur 1-3
- Áhrifasvæði lína 1-3

Kort

Loftmyndir ehf

Mynd 2: Til vinstri má sjá dæmi um framsetningu upplýsinga um minjar í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands. Til hægri eru skýringar á punktum, flákum og línur á öllum teikningum og kortum sem fylgja þessari skýrslu.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Meginreglan er að minjastaðir sem eru innan marka deiliskipulags eða annarra fyrirhugaðra framkvæmdasvæða séu í stórhættu vegna framkvæmda. Með því er ekki lagt mat á gildi minjastaðanna sjálfra, aðeins vakin athygli á að umræddur staður kunni að teljast í talsverðri hættu vegna framkvæmda. Í mörgum tilfellum má afstýra yfirvofandi hættu með því að tryggja að minjastaðir víki ekki eða verði fyrir skemmdum í framkvæmdum. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

4.1. ÁR-360 Brú

Sögulegar heimildir

1686: 16 hdr. 60 ál. Skálholtskirkjueign, og árið 1695: 13 hdr. 40 ál - BL 1967, 111.

1709: „Jarðardýrleiki er óviss. Eigandinn er Skálholts dómkirkja,“ segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 279. Árið 1847: 26 hdr. Bændaeign. - Jarðatal Johnsens, 69.

[1526]: Jón Gíslason selur Ögmundi biskup í Skálholti jörðina Brú í Biskupstungum. - DI IX, 392.

Brúarhvammur er „[s]mábýli, sem selt var úr landi Brúar árið 1968, er það suðvesturhorn þeirrar jarðar. [...] Ekki hefur verið rekinn landbúnaður á þessu býli,“ segir í *Sunnlenskum byggðum I*, 82.

Túnakort 1920: Tún 3,6 ha, 1/2 sléttað, garðar 450 m².

1709: „Gráviður er hjer til drýginda við hey. Jörðunni spilti Hekla þá hún gaus og ber hún þess enn nú nokkrar menjar,“ segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 280.

1853: Tún plægð á 8 jörðum í Biskupstungum, þar á meðal á Brú. „Með þessum hætti eru í sumar á 8 jörðum plægðir 3508 ferhyrindir faðmar, og á áliðnu sumri eru flögin aftur plægð, nema 700 ferfaðmar. Af girðingum kringum það plægða eru nú hlaðnir 320 faðmar,“ segir í bókinni *Inn til fjalla*, 181.

Brú: „Meðalstór jörð og að langmestu leyti gróúrlendi og gott beutiland vaxið grasi, víði, fjalldrapa og mosa. Um miðbik jarðarinnar er víðáttumikil heiðarbunga, er nefnist Brúarheiði, og er bærinn sunnan við hana. Verulegur hluti landsins er mýrlendi og þarf að þurrka ræktunarland, en það er annars vel til ræktunar fallið. Skógi vaxinn hólmi er í Tungufljóti, Brúarhólmi, er tilheyrir jörðinni,“ segir í *Sunnlenskum byggðum I*, 81. Brúarhvammur: „Landið er um 8 ha að stærð, og er það að hluta lyngmói, sem hefur verið tekinn til ræktunar að verulegu leyti, en að hluta gróðurlitlir melar og áreyrar við Tungufljót og í hinum eldri og eystri farvegi þess,“ segir í *Sunnlenskum byggðum I*, 82.

Skráðar minjar

ÁR-360:004

heimild

útihús

A: 439551 N: 423849

Á túnakorti frá árinu 1920 er útihús merkt um 220 m frá bæ ÁR-360:001. Engin norðurör er á kortinu en ef gert er ráð fyrir að upp sé norður hefur það verið vestan við bæ. Landslagið heima við bæ á Brú bendir hins vegar til þess að útihúsið hafi verið til suðvesturs við bæjarhúsin. Nákvæm staðsetning er óljós. Hugsanlegt er að þetta hús hafi staðið á svipuðum stað og útihús 027 og 028 en þetta er óstaðfest. Á þessu svæði er sléttað tún, malarplan og malbikaður þjóðvegur. Ekkert sést til fornleifa. Þetta útihús hefur líklega verið sléttað eða rífið vegna framkvæmda á 20. og 21. öld. Suðvesturendi heimatúns í landi Brúar sem sést á túnakorti frá 1920 er vel innan áhrifasvæðis nyrsta áætlaða vegstæðis nr. 1, um 40 m norðan við miðlínu. Þetta er um 100x100 m svæði þar sem fleiri fornminjar gætu vel leynst undir sverði.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-360:027

þúst

fjárhús


A: 439534 N: 423834

Í minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur fyrir Brú ÁR-360:001 er skráð fjárhústóft: „Austan heimreiðar rétt ofan þjóðvegjar. Búið er að ýta henni út. Var 30-40 kinda hús. [...] alltaf kallað tóftin. Í tóftinni var síðan kartöflugarður, og lítið sést af henni núna.“ Samkvæmt Sigríði J. Guðmundsdóttur, heimildamanni og ábúanda var þetta fjárhús staðsett í suðvesturenda heimatúnhjalla þar sem nú (2023) er rústahól um 110 m SSV við núverandi íbúðarhús. Rústahóllinn er grasigróinn, er fast suðvestan við sléttað heimatún og um 30 m norðan og ofan við þjóðveg. Sléttað malarplan og hestagirðing er um 10 m vestan við rústahólinn.

Rústahóll 027 er ávalur, um 20x20 m að flatarmáli og er 0,5-1 m á hæð að norðaustan nær túni, og 3-4 m hár til suðvesturs nær þjóðvegi. Ekki er hægt að greina neina veggj lengur en hægt er að greina tvær samsíða dældir (A og B) sem gætu gefið til kynna innanmál tveggja hólfa inn í hólinn. Dældirnar eru U-laga, 0,2-0,5 m djúpar og snúa NNA-SSV. Innanmál þeirra er um 3-4 m á lengd, og 2-3 m á breidd. Önnur dæld er í kolli hólsins að norðanverðu og er hún svipuð á dýpt. Dældin er um 4x3 m að innanmáli og liggur austur-vestur. Dældin er opin til norðurs. Hér gæti einnig hafa verið hól en ekki útilokað að ummerkin séu eftir mokstur eða rof. Síðustu húsin sem stóðu á hólnum voru steinsteyppt en ekki er ólíklegt að hér hafi áður staðið eldri hús. Mjög líklegt er að útihús 004 sem teiknað er á túnakorti frá 1920 hafi staðið á þessum

Rústahóllinn er um 39 m norðan við miðlínu nyrsta áætlaða vegstæðis nr. 1.

Heimildir: Minjaskrá Bryndí­sar Róbertsdóttur 1986, nr. 319





Mynd 5: Rústabóll ÁR-360:027 fast norðan þjóðvegur í suðvesturjaðri heimatúns á Brú ÁR-360, horft til suðvesturs. Ljósmynd tók Sólveig G. Beck.

ÁR-360:028

heimild

fjárhús

A: 439499 N: 423846

Í minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur segir frá útihúsi: „Hænsnahús oflr. Rétt ofan vegar, nokkru austan heimreiðar að Brú. .. Grátt steinhús með hallandi þaki. Gluggar framan á húsinu. .. Fyrst voru í því 12 kindur og 4 hestar en síðar 200 hænur. Loks voru hafðir hestar í því. Gler var brotið í gluggum og því fauk þakið af því í ofviðri.“ Samkvæmt Sigríði J. Guðmundsdóttur heimildamanni og ábúanda var þetta hús um 125 m suðvestan við núverandi íbúðarhús í vesturjaðri heimatúns á Brú, um 45 m norðan við þjóðveg og um 25 m vestan við minjastað 027. Á þessum stað er hestagirðing og sléttað malarplan. Ekkert sést til fornleifa vegna sléttunar. Hugsanlegt er að á þessu svæði hafi staðið útihús 004 sem sýnt er á túnakorti 1920.

Minjastaðurinn er um 50 m norðan við miðlínu nyrsta áætlaða vegstæðis nr. 1.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 320



Mynd 6: Minjastaður ÁR-360:028, horft til ASA norður fyrir rústaból 027 (til hægri í fjarska). Ljósmynd tók Sólveig G. Beck.

Ferköntuð dæld er um 660 m VSV við núverandi íbúðarhús á Brú ÁR-360:001 og um 215 m austan við Tungufljót. Hér gætu hafa verið mógrafir. Dældin er vel mosa- grasi- og lyngigróin. Um 15 m vestan við minjastað 029 er nýlegur djúpur ræsisskurður sem er fullur af vatni. Um 25 m sunnar er malarvegur sem tengir á milli umfangsmikilla malarnáma í landi Brúar.

Dældin er um 12 m á lengd, um 5 m á breidd og snýr NNV-SSA. Dældin er um 0,5-1 m á dýpt og innan þessa svæðis gætu hafa verið a.m.k. 3-5 mógrafir. 2-3 m x 3,5 m að stærð. Bakkar eru nokkuð skarpir. Ekki er þó útilokað að hér sé einfaldlega um að ræða leifar af gömlum ár- eða lækjarfarvegi sem grafið hefur niður dæld á þessum stað.

Minjastaðurinn er um 24 m norðan við miðlínu nyrsta áætlaða vegstæðis nr. 1.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

4.2. ÁR-361 Haukadalur

Sögulegar heimildir

1686: 43 hdr. 80 ál. Skálholtskirkjueign, og árið 1695: 43 hdr. 40 ál., - BL 1967, 112.

1709: "Jarðardýrleiki er óviss. Eigandinn er Skálholts dómkirkja." "Kirkjustaður og annexía frá Torfastöðum," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 303-4. Árið 1847: 24 1/3 hdr. Bændaeign, skv. Jarðatali Johnsens, 69. Þar segir einnig: „Stólsjarðabókin telur Haukadal allan 59 1/3 h. að dýrleika," - JJ, 69.

Jarðarinnar er getið í Íslendingabók „En hann [Hallr] gæði bú þrítögr ok bjó fjóra vetr ens sjaunda tegar í Haukadali ok hafði fjóra vetr ens tíunda tegar, þá es hann andaðisk, en þat vas of hátíð Martens byskups á enum tíunda vetri eptir andlát <Ísleifs> byskups," ÍF I, 21; "[...] at biðja skyldi Þorlák Rúnolfsson Þorleikssonar, bróður Halls í Haukadali [...]," - ÍF I, 24.

Einnig er hennar minnst í Landnámabók: „Þorbrandr, son Þorbjarnar ens óarga, ok Ásbrande son hans kómu til Íslands síð landnámatíðar, ok vísaði Ketilbjörn þeim til landnáms fyrir ofan múla þann, er fram gengr hjá Stakksá, ok til Kaldakvíslar, ok bjoggu í Haukadal," - ÍF I, 383.

Í Grettis sögu segir: „Grettir fór ór Tungu upp til Haukadals ok þaðan norðr á Kjöl [...]," - ÍF VII, 175.

Í Brennu-Njáls sögu segir: „Þeir fóru í Haukadal ok skírðu Hall, ok var hann þá þrétvetr. [...] Þeir Þangbrandur ok Guðleifur riðu ór Haukadali," - ÍF XII, 261, 264.

Í Kristni sögu segir: „Þangbrandr skírði marga menn í för þeiri, Gizur inn hvíta ok Hall í Haukadali," - ÍF XV2, 19. Einnig er minnst á Haukadal í s ömu sögu á bls. 39, 42, 46; Í Jóns sögu hins helga - ÍF XV2, 182; og í Viðauka Skarðsárþókar - ÍF XV2, 349.

Um 1200: Kirkja í Haukadal nefnd í Kirknaská Páls biskups Jónssonar - DI XII, 8.

Minnt er á Haukadal í Hungurvöku: „[...] annarr var Teitr er síðan bjó í Haukadal," - ÍFXVI, 6. Einnig er Haukadals getið í sömu sögu bls. 22 og 25.

Í Guðmundar biskups sögu hinni elztu segir: 1178: „Lögrétta í Haukadali," - Bsk I, 419. Einnig er jörðin nefnd í sömu sögu bls. 450 og 462.: Í Árna sögu byskups segir: 1284-87: „Þá bjó í Haukadali Klængur Teitsson, [...]. Hrafn líkaði ok illa, at byskup hafði undir sik tekit Haukadalskirkju [...]. Jón lögmaðr skildi þat til at byskup skyldi [...] gefa upp Haukadalskirkju, en Árni byskup fyrir tók hváttveggja. [...] Steinunn sör þá ok afhendis Haukadalskirkju [...]. Steinunn setti Þorvald Klængsson fyrir búit í Haukadali. Eptir þat seldi hon landit Hrafn Oddssyni [...]. Eptir dauða hans fekk byskup landit svá af Þorgerði sem af Steinunni, þat sem Hrafn hafði eigi fyrir lokit. Hann tók ok af Hallóttu hennar part, þann sem Hrafn hafði áttan. Um síðir seldi hann Haukadali Lopti Helgasyni, frænda sínum," - ÍF XVII, 137, 145, 152, 166-7. Einnig er minnst á Haukadali í sömu sögu bls. 143, 164, 169.

Haukadals er getið í Sturlungu: „Þorvarðr Hallsson var faðir Þórdísar, móður Jóreiðar, móður Halls prests í Haukadali," - I. bindi, bls. 10. Þar segir einnig: „[...] K]om [Oddr Þórarinsson] at jólum í Haukadali til Þóris totts [...]," - I. bindi, bls. 510. Einnig er jörðin nefnd í sömu sögu á bls. 38, 59-60, 141 og 505.

1269: Máldagi Haukadalskirkju, - DI II, 61-2

1331: Máldagi Maríukirkju í Haukadali, - DI II, 667-8.

1397: Máldagi kirkju í Haukadali efra, - DI IV, 39-40.

10.8.1501: Frá Einholti í Biskupstungum gyldist sauðargjald til Haukadals í gamla rentu, DI VII, 580-1.

Í Þætti um Ögmund biskup í Skálholti segir: 1540 „gaf biskup Ögmundur upp við hann [Gizur Einarsson] staðinn, og fór sjálfur á bú sitt til Haukadals," - Bsk II, 269. Einnig er Haukadali nefndur í sömu sögu, bls. 272; í Þætti um Martein biskup Einarsson, - Bsk II, 619. Sem og í Þætti um Odd biskup Einarsson í Skálholti, - Bsk II, 675.

1541: Gizur biskup skrifar til Kristophers Hvítfelds að hann hafi verið í Haukadali og ekkert fémætt fundið, - DI X, 618-9. Sumarið sama ár segir einnig: Minnisgreinar Gizurar biskups. „Giefid Pietri það suar vpa Haukadali og það sem þar fylgir að eg hielldi til laga firrgreindum eignum vpa kyrkiunnar reikniþngskap," - DI X, 646.

1541: Skrá um eignir kirkjunnar í Haukadali í Biskupstungum, - DI X, 694.

1542: Minnisgreinar Gizurar biskups. „Vard Petur Einarsson fouite Jslands þui samþyckur að ec skyllði frelsilega haukadali halda þetta aar," - DI XI, 186.

1553-4: Máldagi Haukadalskirkju í Biskupstungum, - DI XII, 660.

1563: „Wmm Bygging a Haukadali. Jtem hefur Hiedinn Jonsson til leigu med Haukadali tuær kyr oh þriu asaudar kugildi," - DI XIV, 202. Árið 1570 og síðar: Máldagi kirkjunnar í Haukadali.

„Frá 1929 í eyði," segir í *Sunnlenskum bygðum* I, 85.

Túnakort 1920: Haukadalur: Tún: 5,5 ha. Girt. Matjurtag.: 572 m². Hverag.: 944 m² = 1516 m². Haukadalskot: Tún 1,9 ha. Girt. Slétt 1/4. Matjurtag.: 816 m².

1709: „Jörðin er víðlend og hagagóð á sumar. Vetrarríki er hjer mikið. Afrétt á kirkjan saman við Skálholts- Torfastaða- og Bræðratúngukirkjur fyrir norðan Hvítá, en sá afrjettur hefur ei brúkaður verið í manna minni. Skóg á jörðin í heimalandi, hefur mikill og góður verið, en er nú mjög eyddur. Beit 5 hrossum á vetur á kirkjan í Kjarnholtaland, en Kjarnholt þar á mót skógarhögg í Haukadals skógi. Hætt er hjer stórlega fyrir fjenað, sem dettur í dý og læki, og verður oft stór skaði að. Jörðunni spilti Hekla, þá hún gaus, og ber hún þess enn nú menjar nokkrar. Sjerdeilir eyðilagðist skógurinn þar eftir. Sandur tekur til að gánga norðan á land jarðarinnar, og sýnist að til stærri skaða verða muni með tíðinni.“ Munnmæli eru, að byggð hafi verið langt fyrir norðan Haukadal og í kringum Bláfell, og hafi þá Haukadalur átt að standa svo sem í miðri sveit, en ekki vita menn nein bæjarnöfnin. Standa svo og þessi munnmæli ekki á föstum fótum,“ segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 304.

Haukadalur I: „Land Haukadals með hjáleigum er talið um 8.500 ha að stærð. Það nær all innanfrá Sandvatni, vestur fyrir Sandfell, austur að Ásbrandsá og Tungufjóti og suður að ámótum þess og Almenningsár, en Laugá, sem er á vesturmörkum jarðarinnar, hefur áður runnið í hana. Nyrsti hluti jarðarinnar liggur í yfir 200 m hæð yfir sjó. Þar er nú að mestu örfoka land, og mun uppblástur hafa verið þar stöðugt í a.m.k. þrjár aldir [...] Þar sem landið fer að lækka, taka við brekkur, sem víða eru vaxnar birkiskógi og víði. Á þessu svæði var girt af um 1350 ha landspílda árið 1938. [...] Þar hefur síðan verið plantað miklu af skógi, aðallega barrviði. Spölkorn suðvestan bæjarstæðisins í Haukadal er birkiskógarlundur, sem sáð var til árið 1939 [...] Þegar kemur niður á láglendið, taka við flatlendir móar, en syðst er stór mýrarfláki, er Almennungur nefnist. Þar eru engjalönd jarðanna, og var honum skipt þannig, að efst var spílda Laugar, þá Bryggju, síðan Tortu og syðst Haukdals. Sumarhagar voru taldir mjög góðir í Haukadal fyrir allan fénað, en snjó þyngsli hamla oft beit á vetrum. Hættur voru allmiklar fyrir fé og smölun erfið. Mikið er þar af góðu ræktunarlandi. Jarðhiti er mikill,“ segir í *Sunnlenskar byggðir I*, 85.

Haukadalur II: „Umhverfis lóðina hafa verið ræktuð skjólbelti úr ýmsum viðartegundum,“ segir í *Sunnlenskum byggðum I*, 87. Haukadalur III: „Það er á flatlendum móa, sem hallar lítillsháttar móti suðaustri. Þar er alls staðar hveraklöpp undir þunnu jarðvegslagi,“ segir í *Sunnlenskum byggðum I*, 88. Haukadalheiði milli Sandfells og Árbrandsár og sunnan Sandvatns er heimaland Haukadals og smalað sér en þó að hluta á kostnað fjallskila segir í *Göngur og Réttir II*, 214. Samkvæmt herforingjaráðskorti heitir tungan Nátthagi, sem er milli Ásbrandsár að austan og Litlu-Grjótár að vestan. Þar enn innar með Ásbrandsá heita Skógarhlíðar.

Skráðar minjar

ÁR-361:103

náma

mógrafir

A: 437202 N: 422744

Skýr dæld með skarpar beinar hliðar er í norðanverðum Almennungi um 3,15 km SSV við Haukadal ÁR-361:001 og um 150 m sunnan Almenningsár. Á þessu svæði gæti hugsanlega hafa verið tekinn mór. Dældin er í vel grasi- og mósagróinni mýri, fast undir lágum ás sem liggur NNW-SSA, er 5-9 m breiður og rís 1-2 m uppúr mýrinni. Dældin er vel gróin, með reglulegar hliðar en þær eru nokkuð signar. Dældin er gróflega L-laga, um 9-14 m á lengd, 5-12 m á breidd, um 0,2-0,5 m á dýpt og snýr norðvestur-suðaustur. Dældin er flatbotna og hafa hugsanlegar mógrafir verið um 1-2 m á breidd og ríflega um 2 m á lengd.

Dældin er 40 m norðan við áætlaða miðlínu vegstæða 1 og 2 sem liggja saman á þessu svæði.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



Mynd 7: Mógröf ÁR-361:103 um 150 m sunnan við Almenningsá. Horft til SSV. Ljós: Sólveig G. Beck.

ÁR-361:104_01

tóft


óþekkt

A: 438055 N: 422949

Í norðausturenda Almennings á norðurbakka Tungufljóts eru tvö mannvirki, tóft 104_01 og þúst 104_02 (myndir 8 og 9). Mannvirkin eru um 2,8 km sunnan við bæinn í Haukadal ÁR-361:001 og um 1,6 km SSV við bæinn að Bryggju ÁR-362:001. Hlutverk þessara tveggja tófta eru óþekkt en líklegt er að hér sé um að ræða gömul beitarhús sem gætu hafa verið nýtt frá Haukadal eða Bryggju. Ekki er útilokað að annað eða bæði mannvirki hafi verið skýli fyrir ferðalanga áður en lagt var yfir Tungufljót en þar sem árbakkinn er nokkuð hár og brattur á þessu svæði verður það að teljast ólíklegri skýring. Mannvirkin tvö eru á grasigróinni 40 m breiðri og 100 m langri flatir tungu, á annars sendnum og rofnum norðurbakka Tungufljóts. Tungan liggur norður-suður. Tóft 104_01 er í suðurenda tungunnar á grasigrónum bröttum bakka sem stendur um 3-4 m hærra en yfirborð fljótsins, en aðeins um 4,5 m eru frá suðurhlíð tóftar niður að bakka fljótsins. Þúst 104_02 er á tungunni miðri um 12 m norðan við tóft 104_01.

Mannvirki 104_01 er greinileg tvískipt tóft sem er um 15x11 m að stærð og snýr NNA-SSV. Tóftin er vel gróin grasi, mosa og hvönn og hefur líklega verið beitarhús. Mest áberandi er hólfið A í NNV-enda tóftarinnar. Það er um 3x2,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Gengið var inn í hólfið á norðausturhlíð um 0,5 m breiðar dyr. Veggir hólfsins eru um 2 m á breidd og 0,5-1 m á hæð en ekki er hægt að greina grjóthleðslur. Hólf B er fast suðvestan við hólfið A, en er mun óljósara. Hólfið er stærra, um 3,5x3,5 m að innanmáli, en veggir þess eru mun signari, 2-3 m á breidd og aðeins 0,2-0,5 m háir. Hugsanlega gæti hafa verið hér aðhald eða heystæði en einnig er hugsanlegt að hólfið A hafi verið byggt ofan á eldri tóft. Líklegt er að hér hafi verið beitarhús. Tóftin er 35 m suðaustan við áætlaða miðlínu vegstæða 1 og 2 sem liggja saman á þessum stað norðan Tungufljóts. Tóft 104_01 er í stórhættu, bæði vegna áætlaðrar vegagerðar og landrofs Tungufljóts. Einnig er mikil hætta á því að báðar tóftir 104_01 og 02 hverfi brátt í lúpínu eða verði vindrofi að bráð.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



Mynd 8: Mannvirki ÁR-361:104_01 og 02 á norðurbakka Tungufljóts. Til suðvesturs er umfangsmikið rofabarð sem er að hverfa í lúpínubreiðu ásamt háum bakka fljótsins (bláa línan). Tóft 01 er innan við 5 m frá því að byrja að hverfa í fljótið

ÁR-361:104_02

þúst

óþekkt

A: 438046 N: 422967

Þúst 104_02 er um 12 m norðan við tóft 104_01 (myndir 8 og 9). Hún er mjög óljós í þýfðu graslendinu, en virðist vera um 8,5 m á lengd, um 7 m á breidd og er innan við 0,5 m há. Þústin snýr austur-vestur og hugsanlegt er að op hafi verið í austurenda. Þústin er mjög óljós og minnir á útlit hóls B í tóft 01. Innanmál er óljóst en gæti verið um 3,5x2 m og snýr austur-vestur. Hlutverk er óþekkt.

Þústin er aðeins um 14 m suðaustan við áætlaða miðlínu vegstæða 1 og 2 sem liggja saman á þessum stað norðan Tungufljóts. Þústin er í hættu vegna ágangs Tungufljóts og stórhættu vegna áætlaðrar vegagerðar.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



Mynd 9: Mannvirki ÁR-361:104_01 (vinstri, horft til suðausturs) og 02 (hægri, horft til vesturs) á flatri, grasigróinni tungu á norðurbakka Tungufljóts. Ljósmyndir tók Sólveig G. Beck.

4.3. ÁR-691 Fornleifar á fleiri en einni jörð

Skráðar minjar

ÁR-691:004 *Konungsvegur* vegur leið A: 435695 N: 423083

„Svo átti að heita, að vagnfært væri úr Reykjavík austur á Þingvelli. Þaðan þurfti að gera vagnfæran veg austur að Geysi og síðan fram Hrunamannahrepp og Skeið að Þjórsártúni sem var viðkomustaður með tilliti til Rangæinga. Þaðan var áður kominn vagnfær vegur til Reykjavíkur. Menn gerðu ráð fyrir að konungurinn kysi að aka þessa leið í yfirbyggðri létti kerru fremur en að ferðast ríðandi. [...] Hluti verksins var unninn sumarið 1906, en meiriparturinn fyrripart sumars 1907, enda kom konungurinn ekki fyrr en í ágúst,“ segir í ÁFI 1998.

„[Neðridalur:] Sést mjög greinilega fyrir neðan Hólshús og heim undir tún. Lá rétt neðan bæjar og með hliðinni í gegn þar sem stallar eru nú. Síðan brautin inn með Einbúa og upp fyrir túnin sem markast af skurðum, þar þvert yfir og þar sem hlið er á túni og yfir Helludalsveg. Beygir síðan niður að Laugaá, fer yfir Bjarnarskurð og áfram niður með bökkum Laugarár. [Gýgjarhóll:] NA í Hólnum má sjá slóð niður með hól í átt að læknum og er það líklega Kónigsvegurinn. [...] Stefmir um 191°,“ segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986.

„Neðan við Helliggilið er Skriða. Hún er nú ræktað tún. Um hana lá Konungsvegur. Þar voru margir götuslóðar hlið við hlið. Þar var reiðvegurinn til Geysis,“ segir í örnefnaskrá Neðridals. „Neðar með Sölvagili að sunnan eru tvö skurðstykki ræktað í tún, Sneplar. Gamli þjóðvegurinn, Kónigsvegur liggur sunnan við þá, og er Langaflöt samliggjandi honum að sunnan,“ segir í örnefnaskrá Dalsmynnis.

„Lítið eitt norðan við gamla túnið [á Stritlu/Dalsmynni] lá Konungsvegurinn á vaði yfir Andalæk og síðan austur yfir móana og neðan við Austurhlið. Af honum sést nú ekki neitt á þessum kafla,“ segir í ÁFI 1998.

„Ofan við túnið liggur gamli þjóðvegurinn, sem lá milli Geysis og Þingvalla, Kónigsvegur, er hlaut það nafn 1907, er Friðrik konungur VIII. fór til Geysis. Nú er vegur þessi aflagður á köflum, síðan nýr þjóðvegur var lagður neðan við túnið,“ segir í örnefnaskrá Úthlíðar. „Fyrir ofan túnið liggur gömul braut, Kónigsvegur, og beygir við túnið að Anda-læk,“ segir í örnefnaskrá Hrauntúns. „Kónigsvegur heitir gamli vegurinn ofan við Norðurtún. Um hann fóru konungshjónin 1907, og var vegurinn þá lagfærður,“ segir í örnefnaskrá Miðhúsa. „Ofan (norðan) við Heiðina liggur gamli þjóðvegurinn, Kónigsvegur að Brúará,“ segir í örnefnaskrá Brekku. „Rétt norðar rennur Fremri-Vallá í Brúará og myndar tungu að ofan, Vallártungu. Nokkru norðar er gamli þjóðvegurinn, Kónigsvegur, er liggur yfir í Laugardal á Efribrú, er hún fær hestum, en hefur ekki breidd né burðarþol fyrir bíla,“ segir í örnefnaskrá Efri-Reykja.

„Hvar sést Konungsvegurinn núna? Vegurinn frá Gjabakka austur að Laugarvatni er að því leyti frábrugðinn nútíma vegum, að hann hlykkjast eftir landslaginu og krækir fyrir lautir og hóla. Það er einmitt vegna þess að víða er þetta sami vegur og Konungsvegurinn; aðeins hefur hann verið breikkaður og borið ofan í hann. Frá Laugarvatni lá Konungsvegurinn austur eftir skógi vaxinni hliðinni, inn í Krók [...], og áfram fylgdi hann hliðinni og sveigði uppí hana ofan við Laugardalshóla. [...] Frá Efstadal og austur að Brúará sést Konungsvegurinn mæta vel, en hann var þegar um 1950 orðinn eins og skurður á köflum [...] Frá brúnni á Brúará er auðvelt að fylgja Konungsveginum. Þess er að gæta að hann sveigir í fyrstu lítið eitt upp með ánni, en á næsta kafla, austur að Neðri-Vallá, hefur birkið og annar gróður þrengt svo að honum, að hér er Konungsvegurinn ekki annað en einföld reiðgata eða göngustígur. Þegar kemur á heiðlendið uppaf Brekkuskógi og framhjá Miðhúsatjörnum og austur í Miðhúshraun, er hægt að fylgja mjög heillegum köflum sem gefa góða hugmynd um Konungsvegin eins og hann var. Nýi vegurinn til sumarbústaða Verzlunarmannafélags Reykjavíkur í Miðhúsalandi liggur á kafla á sama stað og Konungsvegurinn og þar hafa allar minjar um hann verið eyðilagðar. Aftur kemur hann í ljós austar, þegar farið er yfir Miðhúsaáa og þar getur raunar að líta bezt varðveitta kaflann, vegna þess að þar var honum aldrei breytt í bílveg eins og gerðist austar með Hliðinni. Austan við Miðhús sést vegurinn að vísu en heillegur er hann ekki þar. Túnið í Úthlíð teygði sig með tímanum yfir veginn tveimur stöðum og hefur þar útmáð öll merki um hann. Skammt frá Hliðarlaug og Réttinni kemur hann aftur ljós og er ekinn á smá kafla á leiðinni upp í sumarbústaðalandið. Vel sést fyrir honum í hallanum þar austur af, og ennþá betur í Hrauntúnsbrekku þar sem birkið teygir greinar sínar yfir hann. Ofan við Hrauntúnsbrekku liggur vegurinn inn í girðingu Skógræktarinnar, sem hefur umráð yfir Hrauntúnsskógi. [...] Sé ferðinni haldið áfram niður Hrauntúnsbrekku, austur Töglín, hraunrima austur að Andalæk, sést þokkalega vel varðveittur hluti Konungsvegarins; hann hefur þó breikkað frá upprunalegri gerð vegna bílaumferðar fram til 1960. Austar með Hliðinni hefur vegurinn svo til alveg horfið undir ræktun og raunar einnig undir þjóðvegin. Harla

lítið sést eftir af Konungsveginum milli Austurhlíðar og Múla og raunar allar götur upp að Geysi. Það er síðan rétt austan við Geysi, skammt frá bílastæðinu sem þar er, að vegurinn kemur aftur í ljós og stefnir sunnar en núverandi þjóðvegur. Fyrst liggur hann yfir Beiná og smáspöl sunnar er komið að vaði á Almenningsá, sem ekki er akandi nema jeppum; áin er furðulega djúp þarna, ekki meira vatnsfall en hún er. Þaðan má vel fylgja veginum, eða því sem eftir er af honum, austur að Tungufljóti. Eitthvað mun sjást eftir af veginum frá Brúarhlöðum og fram Hrunamannahrepp,“ segir í ÁFÍ 1998.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir skráði veg: „Gamli Kjalvegur [008] liggur um friðlandið auk þess sem greinilegar reiðgötur eru í friðlandinu og gamlar leiðir. Ein leið er þó sýnu skýrust og er ekki gamli Kjalvegur. Sú leið er skráð hér og er örugglega gömul leið og hugsanlega hluti konungsvegar. Vegurinn er um metri á breidd og mjög greinilegur á loftmyndum. Hann kemur úr vestri inn í friðlandið og sameinast gamla veginum sem er líklega gamli Kjalvegur.“ Í Morgunblaðinu þann 4. ágúst 2007 birtist grein sem ber heitið „Íslandsheimsókn Friðriks VIII Danakonungs árið 1907“. Þar segir: „[...] Eftir rúma klukkustundarferð kom konungsfylgdin að fossinum enda stutt leið frá Geysi að Gullfossi. Vegurinn að fossinum var aðeins mjóir troðningar eftir hesta og farið var yfir Tungufljót á bráðabirgðabrú“. [...] Vegurinn kemur inn í friðlandið úr vestri og hverfur inn í gamla Kjalveg. Meðfram honum eru hestatroðningar svo þetta er greinilega gömul leið. Ekki verður fullyrt hvort um Konungsveg sé að ræða. Líklegt er samt að konungur hafi farið hina gömlu leið að Gullfossi eins og segir í lýsingum af ferð konungs. Ekki verður með fullvissu vitað hvar áður nefndu Konungsvegur var.“

Vegur, vagnfær að hluta, er merktur inn á á herforingjaráðskort frá 1910. Hann kemur inn í Biskupstungnahrepp úr Laugardalshrepp yfir Brúará við Brúarárfoss, fer framhjá Miðhúsum [ÁR-373], Úthlíð [ÁR-370], Hrauntúni [ÁR-372], Strillu [ÁR-369], Múla [ÁR-367], Neðridal [ÁR-366], Laug [ÁR-364] og liggur í suðaustur að brú á Tungufljóti. Hluti Konungsvegar var skráður á vettvangi árið 2022 í landi Neðradals vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda við Geysi. Áður hefðu hluti Konungsvegar verið skráður í sama landi árið 2019 vegna deiliskipulags en sá hluti er utan áhrifasvæðis framkvæmda 2022. Vegurinn liggur í gegnum birkiskóg, mýrar og gróin svæði í landi Neðridals. 2019: Vegurinn lá þvert í gegnum land Neðridals eins og áður kom fram. Hann hefur ekki verið skráður í heild sinni þar, einungis innan deiliskipulagsreits syðst á jörðinni. Þar er vegurinn horfinn til suðurs í grjótnámu en vel er hægt að rekja hann þaðan til norðurs neðst í Holtinu langleiðina að Skriðunni/Hellisgili. Ástand hans er ágætt en víða er rof í honum vegna lækjarfarvega og trjágróðurs. Vegurinn var rakinn á um 560 m löngum kafla og er 2,5-3 m á breidd. Meðfram honum er ruðningur og hann er um 0,2 - 0,3 m á dýpt. Vegurinn er kjarri- og víðivaxinn á þessum slóðum þó er hægt að rekja hann með góðu móti. Vegurinn er enn nýttur að hluta innan jarðarinnar. Utan deiliskipulagsreitsins sést vegurinn vel á þremur stöðum til viðbótar í landi Neðridals. a) Norðaustan við íbúðarhúsið í Neðridal í túninu undir Ásnum er bútur sem er uppbyggður/hlaðinn. b) Frá Árgili meðfram hlíðinni ofan við Einbúa að Markargilstúni sést hann vel og er niðurgrafinn nánast alla leið. c) Frá Markargilstúni/Helludalsvegi og niður með Laugá að vestanverðu allt að vaði á Laugá sem er niður við Biskupstungnabraut sést hann líka vel og er uppbyggður/hlaðinn.

2022: Annar hluti vegarins var skráður í landi Neðridals vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda við Biskupstungnabraut (35). Konungsvegi var fylgt á um 130 m löngum kafla, rétt suðaustan við Austurbrekkur. Þar liggur vegurinn nálega norðaustur-suðvestur, neðst við gróna hlíð. Hann rís 0,4 m hærra en umhverfið en er allur gróinn á þessum slóðum. Vegurinn er 1,5-3 m á breidd en hverfur alveg við gamalt gróðurhús sem er í niðurníslu við Biskupstungnabraut.

Þessi skráði vegbútur er allur innan áhrifasvæðis um 90 m norðvestan við áætlaða miðlínu vegstæða 1-3 sem liggja saman á þessum stað.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar.

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 168, 861; Ö-Neðridalur A, 1; Ö-Dalsmynni, 1; Ö-Úthlíð, 4; Ö-Hrauntún, 1; Ö-Miðhús, 2; Ö-Brekka, 4; Ö-Efri-Reykir, 2; ÁFÍ 1998, 42, 73, 78; Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 16; Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2019, 16-18.



Mynd 10: Konungsvegur í landi Neðridals. Horft til ANA. Ljósmynd tók Gylfi Helgason.

ÁR-691:095

heimild

leið

A: 439197 N: 423275

Gata er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1910 sem lá frá Kjarnholtum ÁR-354 í suðri að brú ÁR-362:009 á Tungufljóti í norðri, á merkjum Brúar ÁR-360 til austurs og Bryggju ÁR-362 til vesturs. Leið 095 sker leið 097 á herforingjaráðskorti um 690 m suðvestan við bæinn á Brú. Nyrðri hluti leiðarinnar var kannaður í landi Brúar ÁR-360 haustið 2022 vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda við Geysi. Ummerkja um leiðina var leitað frá Augnalækjarþýfi til norðurs að Biskupstungnabraut (35). Augnalækjarþýfi í suðri er mjög grasgróið og þýft flatlendi norður að Augnalæk þar sem bakkar lækjarins eru mjög illa rofnir beggja vegna. Þýfið hefur mjög líklega verið nýtt til hrossabeitar. Til norðurs frá læknum er mjög umfangsmikil malarnáma og norður af námunni norður að Biskupstungnabraut er mikið rofabarð sem tekið er að hverfa í lúpínu.

Engin greinileg ummerki um leiðina sjást í dag (2022), hvorki á loftmynd né á jörðu niðri. Leiðin er líklega horfin í þúfur í suðri, og norðan Augnalækjar vegna landrofs og malarnáms norður að Biskupstungnabraut (35).

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar.

Heimildir: Hkort 46 Hlöðufell SA.



Mynd 11: Augnalækjarþýfi þar sem leið 095 hefur áður legið, horft til suðurs. Ljósmynd tók Gylfi Helgason.

ÁR-691:097

gata

leið

A: 438979 N: 423810

Gata 097, frá Gýgjarhóli ÁR-355 við leið 087 að brú ÁR-362:009 á Tungufljóti er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1910. Hluti leiðarinnar var kannaður á vettvangi í landi Brúar ÁR-360 árið 2022 vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda við Geysi. Var ummerkja um leiðina leitað á milli Augnalækjarþýfis og Hvamms, til norðurs að Biskupstungnabraut (35). Greinilegar leifar sundurklipptar götu er hægt að sjá á þremur stöðum 097a-c, milli Augnalækjar í suðri og Tungufljóts í norðvestri. Gatan hefur legið norðvestur-suðaustur og eru þessir gatnabútar sjáanlegir um 750 m VSV (097a) og 730-780 m suðvestan (097b og c) við Brú ÁR-360:001. Mjög líklegt er að hér sé um að ræða yngstu og síðustu ummerki um rudda götu á leið ÁR-691:097. Götubúturnir liggja um illa gróið flatlendi og malarfláka á austurbakka Tungufljóts, svæði sem er sundurgrafið og í sárum vegna efnistöku og landrofs. Hefur rof og efnistaka þurrkað út stóra kafla af þessari götu. Götubúturnir þrír eru á kafla sem er um 780 m á lengd og hafa þeir mjög líklega tengst á einhverjum tímapunkti. Gatan hefur verið um 5 m á breidd og 0,2-0,5 m á dýpt. Líklegt er að gatan hafi eitthvað verið rudd eða hreinsuð, en hún er orðin uppgróin á köflum. Nyrst er kafla 097a sem er um 120 m á lengd (mynd 12). Milli kafla a og b er stór malarnáma sem nýtt er frá Brú. Á þessu svæði voru áður gatnamót leiða 095 og 097 sem eru horfin vegna malarnáms. Kafla 097b er um 35 m á lengd og kafla 097c er um 130 m lengd eða meira. Milli kafla b og c er 65 m breitt rofabarð á bökkum Augnalækjar, beggja vegna lækjarins. Um 70 m sunnan lækjarins beygir gatan skarpt til austurs í átt að Kjóstöðum ÁR-359 og liggur um 150 m áður en hún hverfur í mýri norðvestan Hádegishóls. Hluti 097a er innan áhrifasvæðis nyrðra vegstæðis Vegagerðarinnar, um 12 m norðan við miðlínu nr. 1, á meðan hlutar 097b og 097c eru innan áhrifasvæðis syðra vegstæðis, yfir (097b) og um 70 m suðaustan (097c) við áætlaða miðlínu nr. 2 og 3 sem liggja saman á þessu svæði.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar.

Heimildir: Hkort 46 Hlöðufell SA.



Mynd 12: Leið 097, ruddur vegur á kafla a, horft til suðausturs. Ljósmynd tók Sólveig G. Beck.

Greinilegar götur eru í landi Haukadals ÁR-361 á um 20 m breiðu svæði þar sem 5-10 götur liggja samsíða um á um 520 m kafla til VNV frá jaðri malarnáms við Tungufljót yfir að Torfvaði ÁR-361:023 á Almenningsá. Göturnar eru 1,35 km suðaustan við bæ á Laug ÁR-364:001 og 2,9 km sunnan við bæ Haukadal ÁR-361:001. Grasigróid, þýft flatlendi sem er deigt á köflum.

Göturnar eru grasigrónar, 0,2-0,5 m breiðar og 0,2-0,3 m djúpar. Búið er að gróðursetja tré í göturnar. Á hvaða leið þessar götur voru er óljóst þar sem þær eru ekki sýndar á herforingjaráðskorti. Göturnar enda um 180 m norðvestan við Tungufljót en mjög líklegt er að þær hafi legið alveg að fljótinu áður en malarnám og landrof hófst. Hafa þær líklega haldið áfram austan fljótsins meðfram lækjarfarvegi norðan Víkurmýri og yfir Augnalæk á leið frá Laug og Haukadal yfir að bæjum í austri (Kjóastaðir ÁR-355, Gýgjarhóll ÁR-355 og Kjarnholt ÁR-354), en engin óumdeilanleg ummerki er þar að sjá í dag (2022).

Um 50 m langur kaflur af götum er innan áhrifasvæðis nyrðri vegkafla um 80 m norðvestan við miðlínu vegstæða 1 og 2 sem liggja saman á þessum stað.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar.



Mynd 13: Leið 112, horft til norðvesturs í átt að Torfvaði. Ljósmynd tók Sólveig G. Beck.

5. Samantekt um fornleifar innan efnistökusvæða

Þær þrjár mögulegu veglínur (nr. 1-3 frá norðri til suðurs) sem koma til greina fyrir hinn nýja hluta Biskupstungnabrautar austan Geysis liggja að mestum hluta í landi Neðridals (ÁR-366), Haukadals (ÁR-361) og Brúar (ÁR-360). Allir skráðir minjastaðir eru innan þessara þriggja jarða og eru þeir tíu talsins. Áhrifasvæði allra línanna sem gengið var skipulega er breiðast um 250 m og um 8 km á lengd, frá Neðridal í vestri yfir í Brúarland í austri. Fyrirhugað vegstæði beygir sem ein lína út af Biskupstungnabraut norðaustan við Neðridal og liggur leiðin í sveig til austurs, fyrst yfir Laugaá og svo yfir Almenningsá. Þar greinist leiðin og línur 1 (nr. 310) og 2 (nr. 318) beygja til norðausturs upp með Tungufljóti og yfir það, á meðan leið 3 (nr. 317) heldur áfram yfir Tungufljótið til austurs í boga áður en hún beygir líka til norðausturs í átt að Brú. Frá Neðridal, yfir norðausturhluta Almennings og langleiðina að Tungufljóti liggur leiðin að stórum hluta um mjög illfæra, deiga, þýfða og vel grasgróna mýri. Á vesturbakka fljótsins tekur við illa rofinn og sundurgrafinn, flatlendur og malarríkur vesturbakki þess og er austurbakkinn ekki mikið skárri, sérstaklega þegar nær dregur Brú. Bakkar Tungufljóts eru rofnir bæði vegna náttúrulegs vindrofs sem og efnistöku frá Brú og greinilegt er að fljótið er smátt og smátt að éta úr bökkunum og víkka farveg sinn. Bakkar Augnalækjar, sem liggur á þessu svæði gróflega samsíða Tungufljóti NNA-SSV, eru einnig mjög illa rofnir vegna vatnsaga. Umfangsmiklar malarnámur eru sunnan Biskupstungnabrautar á vesturbakka fljótsins, suðvestan við Brú. Vestan Tungufljóts liggur lína 1 til NNA, sveigir til austurs yfir malarnámurnar norðanverðar aftur upp á Biskupstungnabraut og sameinast gamla veginum fast sunnan heimatúns í Brú. Yfir fljótið liggja leiðir 2 og 3 aðskildar báðar til norðausturs og sameinast í sveig við Augnalæk áður en þær liggja saman aftur upp á gamla veginn, en nokkuð ASA heimatúnsins í Brú (mynd 1 og kort 1).

Af þeim tíu minjastöðum sem skráðir voru, er einn í landi Neðridals, þrír voru skráðir innan Almennings sem telst í landi Haukadals, og sex í landi Brúar. Fyrir skráningu var vitað um sex minjastaði af þessum tíu úr heimildum. Þekktir minjastaðir voru útihús ÁR-360:004 sem skráð var af túnakorti í heimatúni Brúar frá 1920, og fyrri skráning Bryndísar Róbertsdóttur frá árinu 1986 benti á minjar ÁR-360:027 og 028 á svipuðum stað í heimatúni Brúar. Af herforingjaráðskorti Dana frá byrjun 20. aldar voru merktar inn tvær leiðir ÁR-691:095 og 097, sem og Konungsvegur ÁR-691:004. Á vettvangi bættust svo við þennan lista tvær hugsanlegar mógrafir ÁR-360:029 og ÁR-361:103, götur á leið ÁR-691:112 og mannvirki ÁR-361:104_01 og 02 á vesturbakka Tungufljóts.

Ef talið er frá vestri til austurs er fyrsti skráði minjastaðurinn lítill bútur Konungsvegur sem sést vel á um 130 m löngum kafla í útjaðri áhrifasvæðis þar sem veglínur 1-3 liggja allar saman (kort 2). Vegurinn hefur mikið menningarsögulegt gildi og er skráður undir númerinu ÁR-691:004 í

Biskupstungum þar sem hann liggur um fleiri en eina jörð. Vegurinn hefur áður verið skráður á öðrum stöðum m.a. árið 2013 við Gullfoss³ og Ragnheiður G. Gylfadóttir skráði einnig hluta vegarins árið 2019 í landi Neðridals⁴ utan þess úttektarsvæðis sem hér er til umfjöllunar.

Tafla 1: Samantekt á þeim minjastöðum sem fjallað er um hér að ofan, umfangi þeirra og eðli umhverfisáhrifa vegna fyrirbugaðrar vegagerðar. Umfangsmestu/ mikilvægustu minjarnar eru merktar með gráu.

Samtala	Tegund	Fjarlægð frá veglínu	Umfang minja	Gildi	Umhverfisáhrif
ÁR-360:004	Útihús í heimatúni	40 m N línu 1	Líklega horfið, eða sama og 360:027	Sjá 027	Bein, neikvæð, varanleg og óafturkræf
ÁR-360:027	Rústahóll og heimatún	39 m N við línu 1	Fornleifar leynast mjög líklega undir sverði	Mikið	Bein, neikvæð, varanleg og óafturkræf
ÁR-360:028	Útihús í heimatúni	50 m N línu 1	Horfið á yfirborði, líklega ekki fornleif	Lítið	Bein, neikvæð, varanleg og óafturkræf
ÁR-360:029	Hugsanleg mógröf	24 m N við línu 1	Gæti verið náttúrulegt	Lítið	Bein, neikvæð, varanleg og óafturkræf
ÁR-361:103	Hugsanleg mógröf	40 m N við línur 1 og 2	Lítill mógröf	Lítið	Bein, neikvæð, varanleg og óafturkræf
ÁR-361:104_01	Beitarhústöft	35 m S við línur 1 og 2	Lítill, mjög líklega fornleif	Mikið	Bein, neikvæð, varanleg og óafturkræf. Þegar í hættu vegna landrofs við Tungufljót
ÁR-361:104_02	Þúst með óþekkt hlutverk	15 m S við línur 1 og 2	Lítill, mjög líklega fornleif	Mikið	Bein, neikvæð, varanleg og óafturkræf
ÁR-691:004	Konungsvegur	100-115 m N við allar línur	Menningar-sögulegt gildi	Miðlungs	Bein, neikvæð, varanleg og óafturkræf
ÁR-691:095	Leið, Herforingjar.k.	Lá N-S yfir allar línur	Virðist að mestu horfin	Lítið	Bein, neikvæð, varanleg og óafturkræf
ÁR-691:097a	Vegur, brot, Herforingjar.k	Fast N við línu 1	Yngstu ummerki, mjór, ruddur vegur	Lítið	Bein, neikvæð, varanleg og óafturkræf
ÁR-691:097b	Vegur, brot	Liggur yfir línur 2 og 3	„	Lítið	Bein, neikvæð, varanleg og óafturkræf
ÁR-691:097c	Vegur, brot	70 m SSA við línur 2 og 3	„	Lítið	Bein, neikvæð, varanleg og óafturkræf
ÁR-691:112	Götur	80 m NV við línur 1 og 2	Grónir hestaslóðar	Lítið	Bein, neikvæð, varanleg og óafturkræf

³ Margrét H. Hallmundsdóttir, 2013

⁴ Skýrsla nr. FS757-1926

Engar aðrar minjar fundust fyrr en komið er mun austar inn í norðausturenda Almennings rétt sunnan Almenningsár. Þar var skráð lítil hugsanleg mógröf ÁR-361:103 í deiglendu, grasigrónu þýfi (kort 3). Örlítið austar og nær Tungufljóti, suðvestan Bryggjuheiðar, eru svo skráðar grasigrónar götur á leið ÁR-691:112. Talið er að þessar götur hafi legið úr austri frá Tungufljóti að Torfvaði á Almenningsá og legið áfram til norðurs og norðvesturs að bæjunum í Haukadal. Búið er að gróðursetja tré í þessar götur. Næst Tungufljóti vestanverðu eru svo umfangsmestu minjarnar sem skráðar voru að þessu sinni: grjót-og torfhlaðin tóft ÁR-361:104_01 og þúst 104_02. Mannvirkin eru á lítilli grasigróinni tungu á bakka fljótsins og eru þau í stórhættu, bæði vegna vegagerðar og landbrots (mynd 14). Tóft 104_01 hefur líklega verið beitarhús (hólf A) og gæti það verið byggt á eldri minjum (hólf B). Þúst 104_02 er mjög óljós og með óþekkt hlutverk en helst kemur til greina að þar hafi verið heystæði.



Mynd 14: Yfirlitsmynd af grasigróinni tungu og rofabörðum á norðurbakka Tungufljóts. Horft til suðausturs. Greinilega glittir í tóft ÁR-361:104_01 í suðausturenda tungunnar við bakka fljótsins (rauð ör). Ljósmynd tók Sólveig G. Beck.

Engar minjar eru greinanlegar á yfirborði á flatlendinu austan Tungufljóts, milli fljótsins og Augnalækjar. Benda má þó á að sunnanvert á þessari tungu eru þekkt örnefni eins og Borgarhóll (sjá kort 3 í viðauka 2), sem er staðsett rétt utan og sunnan áhrifasvæðisins. Því er ekki útilokað að minjar leynist undir sverði meðfram vesturbakka Augnalækjar á þessu svæði. Ekki fundust fleiri

minjar fyrr en mun norðar (kort 4 og 5) þegar nær dregur Biskupstungnabraut á ný, þar sem sjá má hugsanlega mógröf ÁR-360:029 (sjá kort 5). Þessi umrædda dæld gæti þó einnig verið leifar af náttúrulegum vatnsfarvegi. Eins og nefnt var að ofan eru þrjár leiðir sýndar á herforingjaráðskorti Dana frá árinu 1910. Ásamt Konungsveginum má sjá brotakenndar leifar af ruddum malarvegi eða slóða sem var líklega á leið ÁR-691:097 (a-c) milli Gýgjarhóls (ÁR-355) og brúar ÁR-362:009 yfir Tungufljót. Brú þessi lá yfir fljótið á landamerkjum milli bæjanna Brúar og Bryggju (ÁR-362). Leið ÁR-691:095 sem lá milli Kjarnholts (ÁR-354) og sömu brúar ÁR-362:009 yfir Tungufljót var einnig skráð á þessu svæði, en mestöll ummerki um hana innan áhrifasvæðis virðast horfnar í þúfur, rof og/eða malarnám.

Að lokum voru skráðir þrír minjastaðir ÁR-360:004, 027 og 028 norðan Biskupstungnabrautar í suðvesturenda heimatúnsins á Brú. Mjög miklar líkur eru á því að fornleifar finnist undir sverði í rústahól 027 og á þeim hluta gamla heimatúnsins (100x100 m) sem lendir innan áhrifasvæðis veglínu 1 eru miklar líkur á að fornminjar leynist undir sverði.

Allir skráðir minjastaðir eru skilgreindir í stórhættu vegna vegagerðar og var ein tóft ÁR-361:104_01 einnig metin í stórhættu vegna vindrofs og landbrots á vesturbakka Tungufljóts. Með tilliti til eðlis og umfangs skráðra menningarminja (tafla 1) verða umhverfisáhrif að teljast minniháttar á umræddu áhrifasvæði þessa tilvonandi vegkafla á Biskupstungnavegi austan Geysis. Áhrif vegagerðar á skráða minjastaði verða þó að öllum líkindum bein, neikvæð, varanleg og óafturkræf meðfram/í þeirri veglínu (1-3) sem verður á endanum fyrir valinu. Engar friðaðar fornleifar voru skráðar innan áhrifasvæðisins. Konungsvegurinn hefur mikið menningarsögulegt gildi og að öllum líkindum eru mannvirki ÁR-361:104_01 og 02 við Tungufljót eldri en 100 ára, a.m.k að hluta. Aðrir minjastaðir eru ýmist horfnir eða teljast hafa minna gildi eins og meintar mógrafir og leifar gamalla ferðaleiða sem þegar eru mikið til horfnar og/eða skemmdar á þessu svæði, t.d. vegna malarnáms og landrofs.

Með tilliti til staðsetningar er það frummat skýrsluhöfundar að það yrði minnst rask á skráðum minjastöðum ef syðsta veglína nr. 3 (317) yrði fyrir valinu. Þannig er sneitt algerlega framhjá flestum skráðum minjastöðum, fyrir utan Konungsveg ÁR-691:004 og vegkafla ÁR-691:097b-c. Þó verður einnig að taka fram að flatlendið milli Almenningsár, Tungufljóts og Augnalækjar var mikið notað til beitar búpenings og minjar eru einnig þekktar með bökkum þessara vatnsfalla norðan og sunnan skráðra áhrifasvæða. Því er settur hér sá fyrirvari að fleiri fornleifar geti leynst undir sverði meðfram bökkum þessa vatnsfalla á svæðinu, sérstaklega í nálægð við Borgarhól á vesturbakka Augnalækjar (veglína 3; kort 3). *Í tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmda er það blutverk Minjastofnunar Íslands að gefa lokamat og taka ákvörðun um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja við slíkar aðstæður.*

6. Heimildaskrá

Útgefnar heimildir

ÁFÍ 1998: Gísli Sigurðsson og Jón H. Sigurðsson, 1998. „Fjallajarðir og framafréttur Biskupstungna“. *Árbók Ferðafélags Íslands*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

BL 1967: Björn Lárusson, 1967. *The Old Icelandic Land Registers*. Doktorsritgerð við Háskólann í Lund. W. F. Salisbury (þýðandi). Lund: Gleerup.

DI IX: *Diplomatarium Islandicum eða Íslensket fornbréfasafn*, 1857-1972. I–XV. bindi. Kaupmannahöfn/Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Inn til fjalla: Rit félags Biskupstungnamanna í Reykjavík. 1949-1966. I–III. bindi. Guðríður Þórarinsdóttir (ritstj.). Reykjavík: Biskupstungnahreppur.

Bsk: *Biskupa sögur I-II*. 1858 og 1878. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

ÍF: *Íslenskt fornrit I-XVII*, 1935-2002. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

JÁM II: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, 1918-1921. II. bindi. Árnassýsla. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.

JJ: Johnsen, J., 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: [án útgefanda].

Jökull Sævarsson, 2007 (4. ágúst). „Íslandsheimsókn Friðriks VIII. Danakonungs árið 1907“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 8-9.

Kristjana Vilhjálmsdóttir, 2015. *Menningarminjar í Bláskógabyggð. Svæðisskráning fornleifa*. FS584-15221. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2013. *Fornleifakönnun í friðlandinu við Gullfoss*. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2019. *Deiliskráning innan Holtslóðar, Neðri-Dal í Bláskógarbyggð*. FS757-1926. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.

GR II: Bragi Sigurjónsson, 1984. *Göngur og réttir II: Árnassýsla - Myrarsýsla*. Akureyri: Skjaldborg.

Sturlunga saga I-II. 1946. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna. Reykjavík: Sturlungaútgáfan.

Sunnlenskar byggðir. Tungur, Hreppar, Skeið, 1980. I. bindi. [Án útgáfust.]: Búnaðarsamband Suðurlands.

Þorvaldur Thoroddsen, 1899. *Landskjálftar á Suðurlandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Aðrar heimildir

Hkort: *Dönsku herforingjaráðskortin 1:50000*. Herforingjaráðskort nr. 46 Hlöðufell SA. Generalstabens topografiske Afdeling, Kaupmannahöfn. Reykjavík: Landsbókasafn Íslands.

Skoðað 16.02.2023. Slóðin er: <http://islandskort.is/is/category/list/29;jsessionid=B2D14A0F7F062E1A3A095F9952041E87>

Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986: Bryndís Róbertsdóttir, 1986. *Fornleifaskráning í Biskupstungum* 1985-86. (ópr.). Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Túnakort Brúar, 1920. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík. Túnakort eru aðgengileg rafrænt á <http://skjalaskrar.skjalasafn.is>

Túnakort Neðridals, 1920. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Túnakort Haukadals, 1920. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Ö-Brekka: Örnefnaskrá Brekku [án ártals]. Sigurður Jónsson skráði. Örnefnastofnun, Reykjavík. Örnefnaskrár eru aðgengilegar rafrænt á <https://nafnid.is>

Ö-Dalsmynni: Örnefnaskrá Dalsmynnis, [án ártals]. Sigurður Jónsson skráði. Örnefnastofnun, Reykjavík.

Ö-Efri-Reykir: Örnefnaskrá Efri-Reykja, [án ártals]. Sigurður Jónsson skráði. Örnefnastofnun, Reykjavík.

Ö-Hrauntún: Örnefnaskrá Hrauntúns, [án ártals]. Sigurður Jónsson skráði. Örnefnastofnun, Reykjavík.

Ö-Miðhús: Örnefnaskrá Miðhúsa, 1976. Haraldur Finnsson skráði. Örnefnastofnun, Reykjavík.

Ö-Neðridalur: Örnefnaskrá Neðridals, 1975. Haraldur Finnsson skráði. Örnefnastofnun, Reykjavík.


Ö-Úthlíð: Örnefnaskrá Úthlíðar [án ártals]. Sigurður Jónsson skráði. Örnefnastofnun, Reykjavík.

Viðauki 1. Hnitaskrá ISN93


Samtala	A	N
ÁR-360:004	439551	423849
ÁR-360:027	439534	423834
ÁR-360:028	439499	423846
ÁR-360:029	438929	423777
ÁR-361:103	437202	422744
ÁR-361:104_01	438055	422949
ÁR-361:104_02	438046	422967
ÁR-691:004	435695	423083
ÁR-691:095	439197	423275
ÁR-691:097a	438979	423810
ÁR-691:097b	439245	423427
ÁR-691:097c	439312	423338
ÁR-691:112	437735	422899

Viðauki 2. Yfirlitskort


Kort 1: Staðsetning yfirlitskorta 2-5 af áætluðum veglinum 1-3 í Biskupstungum frá Neðridal í vestri að Brú í austri. © Fornleifastofnun Íslands. Loftmyndir: Loftmyndir ehf.




Kort 2: Yfirlitskort af vesturenda vegstæðis sem sýnir staðsetningu Konungsvegur sem liggur norðaustur-suðvestur yfir svæðið. © Fornleifastofnun Íslands. Loftmyndir: Loftmyndir ehf.



Kort 3: Yfirlitskort af skráðum minjum milli Almenningsár og Tungufljóts innan ábrifasvæðis veglína 1 og 2. © Fornleifastofnun Íslands. Loftmyndir: Loftmyndir ehf.



Kort 4: Yfirlitskort yfir leiðir við Augnalæk í landi Brúar ÁR-360:001 innan ábrifasvæðis veglína 2 og 3. © Fornleifastofnun Íslands. Loftmyndir: Loftmyndir ehf.



Kort 5: Yfirlitskort yfir minjar skráðar í landi Brúar ÁR-360 austan Tungufljóts. Ábrifasvæði veglínu 1 liggur yfir heimatún á meðan línur 2-3 liggja samsíða lengra til austurs og sameinast Biskupstungnabraut ASA við bæ í Brú. Gróf staðsetning gömlu leiðanna af herforingjaráðskorti Dana er merkt með rauðri brotalínu © Fornleifastofnun Íslands. Loftmyndir: Loftmyndir ehf.

